



Alþingi – menntamálanefnd  
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2012

Málsnúmer: 2012050032  
Skjalalykill: 15.3.4

### Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið

Póst- og fjarskiptastofnun hefur borist erindi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 19. október s.l., þar sem stofnuninni er gefinn kostur á því að veita umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, sbr. mál nr. 194., sbr. og breytingartillögur samkvæmt þingskjali 1543 – 748 máli.

Eins og greinilega kemur fram í efni frumvarpsins hefur Ríkisútvarpið mikilvægum samfélagsskyldum að gegna, en dreifing efnis skal ná til landsmanna allra og út á næstu mið við landið. Á hinn bóginn er ekki að finna í frumvarpinu skilgreiningu á tæknilegum gæðum þeirrar þjónustu sem Ríkisútvarpinu ber að veita, t.d. með tilliti til móttökuskilyrða. Þegar engar slíkar skilgreindar kröfur liggja fyrir getur verið erfitt fyrir eftirlitsstjórnvald, sbr. 15. gr. frumvarpsins að leggja mat á það hvort gæði þjónustunnar séu með þeim hætti að hún verði talin *ná til* viðkomandi heimilis eða landsvæðis. Ekki er þó nauðsynlegt að löggjafinn skilgreini þessa kröfu um gæði þjónustunnar, að álitni Póst- og fjarskiptastofnunar, heldur væri æskilegt að Ríkisútvarpinu væri falið að skilgreina tæknileg gæði sinnar þjónustu, sem síðan væri hægt að leggja til grundvallar varðandi úttekt á dreifingarsvæði fyrirtækisins.

Bent er á mikilvægi þess að fyrir hendi séu mælanleg viðmið varðandi mat á útbreiðslu fjölmiðlunarþjónustu, m.a. í ljósi markmiðs fjarskiptaáætlunar til fjögurra ára, sem nú er til meðferðar hjá Alþingi, en samkvæmt 1-lið 1. liðar hennar skal tryggja aðgengi að einni hljóðvarpsrás á helstu stofnvegum landsins fyrir árslok 2014.

Auk þess sem dreifing efnis á vegum Ríkisútvarpsins þjónar menningarlegum og lýðræðislegum þörfum þjóðarinnar hefur jafnframt verið litið á það sem mikilvægan lið í almannavörnum þjóðarinnar að hægt sé að koma boðum til almennings á hættutímum í gegnum dagskrá Ríkisútvarpsins, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Hins vegar er í frumvarpinu ekki að finna kröfur til Ríkisútvarpsins til þess að gera sérstakar ráðstafanir til þess að stuðla að öryggi og heildstæði dreifinetsins. Þær reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur sett í slíkum tilgangi, þ.e. reglur nr. 1221/2007 um öryggi upplýsinga varðandi öryggi upplýsinga í almennum fjarskiptanetum og reglur nr. 1222/2007 um vernd og virkni almennra fjarskiptaneta, taka til *almennra fjarskiptaneta* fjarskiptafyrirtækja, en ekki til dreifinets Ríkisútvarpsins. Þó mætti, að mati Póst- og fjarskiptastofnunar, hafa þær til hliðsjónar varðandi sambærilegar kröfur til dreifinets Ríkisútvarpsins, eftir því sem við á, þ.e. að framkvæmt yrði skriflegt áhættumat og til samræmis gerð lýsing á viðeigandi

öryggisráðstöfunum, sem m.a. fælu í sér að gerð yrði neyðaráætlun til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur dreifinetsins.

Til þess að ná utan um framangreinda þætti leggur Póst- og fjarskiptastofnun til að bætt verði við einum tölulið í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins sem fjallar um skyldur Ríkisútvarpsins á sviði fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, svo hljóðandi:

*„Ríkisútvarpið skal skilgreina kröfur til tæknilegra gæða fjölmiðlaþjónustunnar og öryggis dreifinetsins. Í þeim tilgangi skal Ríkisútvarpið setja sér öryggisstefnu, framkvæma áhættumat og gera skriflega lýsingu á öryggisráðstöfunum, sem m.a. skulu fela í sér neyðaráætlun til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur dreifinetsins.“*

Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar mætti í athugasemdum við slíkt ákvæði vísa til þess að við útfærslu á skjalfestu öryggisskipulagi samkvæmt ákvæðinu mætti hafa hliðsjón af framgreindum reglum Póst- og fjarskiptastofnunar, þ.e. reglur nr. 1221/2007 um öryggi upplýsinga varðandi öryggi upplýsinga í almennum fjarskiptanetum og reglur nr. 1222/2007 um vernd og virkni almennra fjarskiptaneta.

Samkvæmt öllu framangreindu telur Póst- og fjarskiptastofnun mikilvægt að löggjafinn veiti Ríkisútvarpinu efnislegt aðhald hvað varðar tæknileg gæði fjölmiðlaþjónustunnar og öryggis dreifinetsins, sérstaklega í ljósi mikilvægis þjónustu Ríkisútvarpsins í menningarlegu og öryggislegu tilliti.

Virðingarfyllst,

  
Hrafnkell V. Gíslason

  
Björn Geirsson